

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 390/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Arnljóti Einarssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Sönnun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. september 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Eigi eru fram kominn haldbær rök fyrir þeirri staðhæfingu ákærða, að mistök kunni að hafa átt sér stað við meðferð blóðsýnis úr honum. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdómara.

Ákærði hefur ekki áður verið sakfelldur fyrir ölvun við akstur. Þykir því rétt að staðfesta sektarákvörðun héraðsdóms, en langt er um liðið frá broti ákærða. Þá verður ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða frá birtingu dómsins staðfest með vísun til 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 101. gr. sömu laga. Rétt er, að til frádráttar sviptingartíma komi bráðabirgðasvipting ökuleyfis ákærða frá 9. nóvember 1990 til 22. janúar 1991, en þann dag var honum kynnt niðurfelling bráðabirgðasviptingar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Þá skal ákærði greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Verulegar tafir hafa orðið á rekstri þessa máls. Þannig liðu rúmir þrír mánuðir frá bráðabirgðasviptingu ökuleyfis ákærða, þar til hún var kunngerð honum. Þá liðu tveir mánuðir frá því, að ákærði krafðist úrlausnar héraðsdómara um sviptinguna, uns hún var felld úr gildi með dómsúrskurði. Þrettán mánuðir liðu frá fyrstu yfirheyrslum fyrir dómi eftir útgáfu ákæru, þangað til dómsmeðferð var fram haldið og ákærði yfirheyrður. Loks leið tveir og hálfur mánuður frá uppkvaðningu héraðsdóms til birtingar hans. Þessi dráttur á einföldu máli er óhæfilegur og hefur ekki verið réttlættur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnljótur Einarsson, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tíu daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu héraðsdóms að frádreginni sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða frá 9. nóvember 1990 til 22. janúar 1991 að báðum dögum meðtöldum.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

**Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 30. júní 1992.**

Ár 1992, þriðjudaginn 30. júní, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð var að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1615: Ákærvaldið gegn Arnljóti Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 13. febrúar 1991, höfðað gegn Arnljóti Einarssyni, Smiðsbúð 12, Garðakaupstað, kt. 160541-4829, fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 15. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni KD-613(?) frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði akstur hans á Suðurlandsvegi við Lögbergsbrekku.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1958 17/8 S.-Múlasýsla, Eskifjörður. Sátt: 800 kr. sekt f. brot g. 17., sbr. 36. gr. áfl.

— — —

*Málavextir.*

Að kvöldi sunnudagsins 15. júlí 1990 var ákærði stöðvaður við akstur á Suðurlandsbraut við Lögbergsbrekku, grunaður um ölvun við akstur. Voru það lögreglumennirnir Hallur Gunnar Erlingsson, lögreglumaður nr.

131, og Þórhallur Árnason, lögreglumaður nr. 143, sem fengu boð um fjarskipti lögreglu, að von væri á Benz-bifreið, sem ölvaður ökumaður æki. Er þeir rákust á bifreiðina KD-603(?), eltu þeir hana og stöðvuðu akstur ákærða. Töldu þeir ákærða vera ölvaðan og báðu hann að blása í blöðru, en hann neitaði því. Var honum þá tjáð, að færa þyrfti hann á aðalstöð lögreglu. Á leiðinni skipti hann um skoðun og féllst á að blása í blöðru, og sýndi sú mæling III. eða IV. stig. Við komu á aðalstöð tók Viðar Waage, staðgengill aðalvarðstjóra, skýrslu af ákærða. Við skýrslutöku viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka, en sagðist einungis hafa neytt pilsners um daginn, en hefði verið við drykkju kvöldið áður.

Í skýrslu varðstjóra, Viðars Waage, um ölvunarástand ákærða kemur fram, að áfengisþef hafi lagt af andardrætti hans, en jafnvægi hans verið stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Að skýrslutöku lokinni var ákærði færður til blóðtöku á slysadeild Borgarspítalans af lögreglu-mönnum Þórhalli Árnasyni og Halli Erlingssyni. Þar er blóðsýni sett í óinnsiglað umslag ásamt blóðtökuvottorði og farið með á aðalstöðvar lögreglunnar. Aðilum bar ekki saman um, hver hefði tekið við blóðsýninu. Á aðalstöð er blóðtökusýni gefið nr. 655 og síðan sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands. Mældist áfengismagn í blóðinu 2,08 o/oo. Í málinu hefur síðan komið upp ágreiningur um niðurstöðu áfengisprófs, og heldur ákærði því fram, að miðað við skýrslur lögreglumannanna um ástand sitt geti ekki staðist, að svo mikið áfengismagn hafi mælst í blóði sínu.

Ákærði kannast við að hafa verið stöðvaður af lögreglu og ekið þá leið, er í ákæru greinir. Hann mótmælti því að hafa verið ölvaður og sagði áfengisneyslu enga hafa verið áður nema þessa pilsnera og svo drykkju kvöldið áður á Hótel Sögu. Sagði hann, að þar hefði verið drukkið úr plast-glösum og ekki einu sinni verið tvöfaldur „sjúss“ í glösunum, en man ekki, hvort þau voru fjögur eða fimm. Hann sagðist hafa komið á Hótel Sögu um kl. 21.30 og þá borðað og drukkið og verið þar til kl. 1.30, og þá hafi hann verið hættur áfengisneyslu. Ekki sagðist ákærði vera með nokkurn sjúkdóm, er skýrði þessi áhrif áfengis á líkamann. Ákærði sagði lögreglu hafa stöðvað sig í Lögbergsbrekku og taldi sig geta sýnt alveg nákvæmlega, hvar það væri, þ. e. rétt hjá Rauðhólum, hjá brekkunni, sem heitir Lögbergsbrekka.

— — —

Vegna vefengingar um gildi blóðrannsóknarinnar var þess farið á leit við Rannsóknastofu Háskóla Íslands, að kannað yrði, hvort hugsanlegt væri, að um mistök hefði getað verið að ræða. Í málinu hefur verið lagður fram listi yfir blóðsýni, er rannsóknastofan mældi 16. til 17. júní, ásamt bréfi frá Elisabetu Sólbergsdóttur, deildarstjóra í alkóhóldeild Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 17. apríl 1991, en þar segir:

„Samkvæmt beiðni, dagsettri 8. apríl 1991, varðandi blóðsýni nr. 655 (1990) frá lögreglunni í Reykjavík fylgir yfirlit yfir niðurstöður alkóhól-mælinga á öllum blóðsýnum, sem mæld voru sama dag og ofangreint blóð-sýni.

Blóðsýni, sem hér um ræðir, er enn í kæli í vörslu rannsóknastofunnar. Var etanól því ákvarðað í því að nýju 15. apríl 1991. Mældist etanól þá 2,09 o/oo, sem staðfestir fyrri mælingu 16. júlí 1990. Sýnið er í sömu umbúðum og með sömu ummerkjum og það barst rannsóknastofunni fyrir níu mánuðum. Útilokað er því, að það hafi fyrir mistök ruglast við önnur sýni.“

### *Niðurstöður.*

Þó að vefengt hafi verið í málinu, að meðferð blóðsýnistökunnar hafi verið rétt, er þó ölvun ákærða studd vitnisburði tveggja lögreglumanna, þeirra þórhalls og Halls. Bera þeir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður. Auk þess hefur ákærði viðurkennt að hafa kvöldið áður neytt áfengis. Þó að vitnið Viðar Waage segist ekki hafa merkt áberandi ölvunareinkenni á ákærða, kemur þó fram í skýrslu þess, að áfengislykt hafi verið af ákærða. Ákærði er á lögreglustöðinni látinn blása í áfengismæli, og sýnir hann III. stig, svo að tilefni var talið til að senda ákærða til blóðtöku. Þykir það renna stóðum undir það, að ákærði hafi verið ölvaður. Ákærði neitar að hafa verið ölvaður, og staðfestir vitnið Hulda, að ákærði hafi ekki verið ölvaður, er hann kom til hennar þá um kvöldið. Auk þess bar vitnið Viðar, að ákærði hefði verið eðlilegur og framburður hans greinargóður.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður þó talið, að leggja verði niðurstöðu alkóhólakvörðunar til grundvallar, og verður að telja, að með henni og vætti lögreglumannanna svo og öðrum rannsóknargögnum sé nægilega sannað, að ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar, og hefur hann með því gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru er lýst og gerst brotlegur við þar greind refsíákvæði, sem þar eru rétt heimfærð til laga.

Refsing ákærða þykir skv. 100. gr. umfl. hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 100. og 102. gr. umfl. skal svipta ákærða ökuleyfi í tólf mánuði frá birtingu dóms þessa, en draga skal frá það tímabil, sem hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þ. e. frá 9. nóv. 1990 til 18. jan. 1991, samkvæmt úrskurði lögreglustjórans í Garðabæ frá 30. júlí 1990, þar til hann var felldur úr gildi með úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 18. jan. 1991.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákveðast 40.000 kr. auk virðisaukaskatts.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnljótur Einarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 30.000 krónur, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í tólf mánuði að frádreginni bráðabirgðasviptingu ökuleyfis frá 9. nóv. 1990 til 18. janúar 1991.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---